

Ár 2014, sunnudaginn 28. september kom stjórn SSNV saman til fundar kl. 16:00 að Hnjúkabyggð 33, Blönduósi.

**Mætt til fundar:** Bjarni Jónsson, Þóra Sverrisdóttir, Ágúst Þór Bragason, Leó Örn Þorleifsson og Hanna Þrúður Þórðardóttir.

#### Dagskrá:

1. Starfsmannamál
2. Önnur mál

#### Afgreiðslur:

1. Stjórn SSNV samþykkir að vísa ráðningu nýs framkvæmdastjóra til nýrrar stjórnar sem tekur við á næsta ársþingi SSNV um miðjan október nk. Stjórn samþykkir að taka saman minnisblað um undirbúning og vinnu við ráðningarferli í starf framkvæmdastjóra og kynna nýrri stjórn.

Bjarni Jónsson vék af fundi.

Í ljósi þess að ekki verður starfandi framkvæmdarstjóri frá mánaðamótum september/október samþykkir stjórn að stjórnarformaður, Bjarni Jónsson verði með prókúru og annist tímabundið starf framkvæmdastjóra SSNV í 1 mánuð frá 1. október 2014 til 31. október 2014. Stjórn samþykkir að fela varaformanni að ganga frá samningi um tímabundna ráðningu framkvæmdastjóra.

Bjarni Jónsson kom aftur til fundar.

#### 2. Önnur mál.

- a) Farið var yfir undirbúning ársþings og þingmannafundar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 18:15.

Ágúst Þór Bragason  
Hanna Þrúður Þórðardóttir

Leó Örn Þorleifsson  
Þóra Sverrisdóttir  
Bjarni Jónsson